

VSÓ Ráðgjöf ehf
Björn H. Barkarson
Borgartúni 20
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. febrúar 2013

Tilvísun: 201210044 / 5.2

Efni: Rannsóknaboranir í Eldvörpum, Grindavíkurbæ. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu VSÓ Ráðgjöf ehf., f.h. HS Orku hf., að matsáætlun um rannsóknaboranir í Eldvörpum, Grindavíkurbæ.

VSÓ Ráðgjöf ehf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 15. janúar 2013 ásamt tillögu að matsáætlun:

HS ORKA hf. Rannsóknaboranir í Eldvörpum, Grindavíkurbæ. Aðkomuvegir, borplön og borun rannsóknaholna. VSÓ Ráðgjöf. Janúar 2013.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Grindavíkurbæ, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Grindavíkurbæ með bréfi dags. 20. febrúar 2013, Ferðamálastofu með bréfi dags. 1. febrúar 2013 Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 1. febrúar 2013, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 5. febrúar 2013, Orkustofnun með bréfi dags. 4. febrúar 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. janúar 2013. Einnig barst athugasemd frá Landvernd með bréfi dagsett 4. febrúar 2013. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá VSÓ Ráðgjöf ehf., f.h. HS Orku hf., í kjölfar umsagna og athugasemdar með bréfum dags. 5., 13. og 22. febrúar 2013.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu VSÓ Ráðgjöf ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem VSÓ Ráðgjöf ehf. setti fram í bréfum dags. 5. og 13. febrúar 2013 og með eftirfarandi athugasemdum.

Jarðhitasvæðið

Í kafla 4.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðhitasvæðið.

Í frummatsskýrslu þarf að vera ítarleg umfjöllun um þá þekkingu sem er til staðar á jarðhitasvæðinu og um meint útmörkun þess.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að verðugt sé að skoða þann valkost að svæðið yrði nýtt sem gufuöflunarsvæði og/eða niðurdælingarsvæði fyrir jarðvarmavirkjunina í Svartsengi.

Í frummatsskýrslu þarf með hliðsjón af því að gera ítarlega grein fyrir þeim forsendum sem liggja að baki því mati að í Eldvörpum sé háhitasvæði af þeirri stærðargráðu að það réttlæti jafn umfangsmiklar rannsóknaboranir og fyrirhugað er að ráðast í. Fjalla þarf um meintan gufupúða/svæði og á hvaða gögnum tilvist hans byggir. Fjalla um tengsl gufupúðans/svæðisins við jarðhitasvæðið og vinnsluna í Svartsengi og hvort hugsanlegt sé að nýta hann frekar nær Svartsengi eða án þess að fara jafn nærri gígaröð Eldvarpa og gert er ráð fyrir.

Framkvæmdasvæði og kostir

Í kafla 5.1.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um borplön og í kafla 5.2.1 um forgangsöröðun borana.

Skipulagsstofnun vill benda á að eitt af markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar m.a. með því að skoða mismunandi valkosti. Í ljósi þess vill Skipulagsstofnun benda framkvæmdaraðila á að matsferlið gæti leitt til þeirrar niðurstöðu að draga megi verulega úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar með annarri staðsetningu borplana en hér er kynnt, m.a. að borplön verði staðsett fjær gígum í Eldvörpum, með það markmið að lágmarka áhrif á jarðmyndunina.

Í frummatsskýrslu þarf, í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar, að gera grein fyrir hvernig leitast hafi verið við að staðsetja borplön eingöngu á sléttu hrauni þar sem unnt verði að fjarlægja öll ummerki um þau, að undanskildum ummerkjum um kjallara. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingu Umhverfisstofnunar um að í frummatsskýrslu séu, eftir því sem það er mögulegt, lagðar fram hugmyndir um stærð borplana miðað við þarfir ef til orkuvinnslu kemur. Jafnframt þarf að gera grein fyrir endanlegum frágangi borplana og viðskilnaði að vinnslu lokinni. Þetta tengist einnig því sem fram kemur í svörum VSÓ Ráðgjöf ehf. við athugasemdum Landverndar þess efnis að ákvörðun um hvort borað verði frá fyrirhuguðu plani B verði skoðuð í matsferlinu svo og möguleikar til borunar frá plan EG-2. Með vísan til þess sem segir í tillögu að matsáætlun, um að vegna yfirþrýstings undir plani EG-2 sé óvíst að hægt sé að bora þar, þarf að rökstyðja að sama hættu sé ekki fyrir hendi undir plani B.

Í frummatsskýrslu þarf að vera rökstudd umfjöllun um staðsetningu allra borteiga út frá jarðfræðilegum sjónarmiðum og þeim árangri sem vænst er af borunum sem og sjónarmiðum Grindavíkurbæjar samkvæmt stefnumörkun aðalskipulags.

Í kafla 5.1.1.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um borplan A.

Í frummatsskýrslu þarf að koma fram, sbr. ábendingu Landverndar, nánari umfjöllun um staðsetningu borplansins og þær forsendur sem liggja að baki þeirrar niðurstöðu VSÓ Ráðgjöf ehf. að minna rask verði af staðsetningu þess austan (sunnan) vegslóðar en vestan (norðan).

Í kafla 5.1.1.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um borplan EG-2.

Í frummatsskýrslu þarf að koma fram, eins og VSÓ Ráðgjöf ehf. gerir ráð fyrir í svörum við athugasemdum Landverndar, ítarleg umfjöllun um hvort og með hvaða hætti megi bora frá plani EG-2.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 5.1.1.6 í tillögu að matsáætlun er fjallað um hönnun borplana.

Í frummatsskýrslu þarf, samkvæmt ábendingu HES, að koma fram að í borplan verði settur olíuheldur, heilsoðinn vínýldúkur sem tengdur verði með affallslögn í olúgildru.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 5.2.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um skolvatn og í kafla 5.2.4 um afkastamælingar.

Í frummatsskýrslu þarf, í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar, að gera grein fyrir hvernig komið verður í veg fyrir myndun útfellinga á yfirborði utan borplana.

Í kafla 5.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um áætlanir um virkjun í Eldvörpum.

Í frummatsskýrslu þarf, í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar, að gera grein fyrir umfjöllun við endurskoðun á aðalskipulagi Grindavíkur um mögulega valkosti varðandi staðsetningu virkjunar. Staðsetningin kann að hafa áhrif á staðsetningu borplana og mögulegar lagnaleiðir og þar með helstu áhrif rannsókna og vinnslu á jarðmyndanir.

Í kafla 7.1.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag og ásýnd og í kafla 7.1.5 um hljóðvist.

Í frummatsskýrslu þarf, í ljósi umsagnar Grindavíkurbæjar, að fjalla sérstaklega um sýnileika og áhrif framkvæmdarinnar á ásýnd og landslag. VSÓ Ráðgjöf ehf. tekur undir þetta. Ennfremur verði gerð grein fyrir umfangi endurbóta á vegslóðum, breikkun þeirra, byggingu upp úr landinu, hvar sniðnar verði af beygjur og hvar lagðar nýjar vegslóðir.

Í kafla 7.1.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um útivist og ferðamennsku.

Í frummatsskýrslu þarf, í ljósi umsagnar Grindavíkurbæjar, að fjalla sérstaklega um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á aðra starfsemi á svæðinu, svo sem Bláa Lónsins, vegna ásýndarbreytinga, umferðar og tímabundins hávaða við blástur hola. Fjalla þarf um hvernig framkvæmdin samræmist hugmyndum Grindavíkurbæjar að merktum gönguleiðum á framkvæmdasvæðinu og í nágrenni þess. VSÓ Ráðgjöf ehf. tekur undir þetta.

Í athugasemdum Landverndar, með tilvísun í rammaáætlun, er bent á mikilvægi þess að fjalla ítarlega um möguleg áhrif framkvæmdarinnar á útivist og ferðaþjónustu. VSÓ Ráðgjöf ehf. tekur undir þetta og bendir á að fyrir liggi ýmsar áætlanir um notkun svæðisins til ferðaþjónustu og útivistar og stefnumörkun í aðalskipulagi Grindavíkur sem eðlilegt sé að byggja mat á áhrifum framkvæmdarinnar á.

Í frummatsskýrslu þarf að gera ítarlega grein fyrir notkun og áætlunum um notkun svæðisins til ferðaþjónustu og útivistar og hvernig framkvæmdin samræmist þeim.

Í kafla 7.1.7 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fornleifar.

Í frummatsskýrslu þarf, eins og framkvæmdaraðili gerir ráð fyrir, að gera grein fyrir fornleifum innan athugunarsvæðis sem samkvæmt tillögu að matsáætlun er gert ráð fyrir að nái 100 m út frá öllum borsvæðum og vegslóðum. Í ljósi umsagnar Minjastofnunar Íslands þarf auk þess að gera grein fyrir hugsanlegum áhrifum framkvæmdanna á þá heild (búsetulandslag) sem gamlar götur, útilegumannabæli og aðrar minjar á svæðinu mynda. Hafa ber samráð við Minjastofnun Íslands um hvaða svæði þetta á við og um nákvæmni skráningar á einstökum hlutum svæðisins. Tekið er undir ábendingu Landverndar um að auk skráningar fornleifa sé æskilegt að kanna áhrif framkvæmdar og mannvirkja á upplifun fólks af fornminjum, sem VSÓ Ráðgjöf ehf. tekur einnig undir að verði gert í frummatsskýrslu.

Skipulag og leyfi

Í kafla 4.5 í tillögu að matsáætlun er fjallað um samræmi við skipulagsáætlanir.

Í frummatsskýrslu þarf að birta viðeigandi hluta af uppdrætti Aðalskipulags Grindavíkurbæjar 2010-2030 og gera grein fyrir hvernig framkvæmdirnar samræmast því, bæði í texta og á uppdrætti. Bent er á að deiliskipulag getur ekki náð yfir aðra framkvæmdaþætti en gert er ráð fyrir í aðalskipulagi, til dæmis efnistökusvæði.

Í kafla 4.9 í tillögu að matsáætlun er fjallað um leyfi sem framkvæmdin er háð.

Í frummatsskýrslu þarf að koma fram að fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja vegna framkvæmda innan vatnsverndarsvæðis. Einnig þarf þar að gera grein fyrir niðurstöðu samráðs við Orkustofnun um mögulega leyfis- og tilkynningarskyldu varðandi nýtingu grunnvatns og jarðhita samkvæmt lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu.

Rut Kristinsdóttir

Þóroddur F. Þóroddsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Grindavíkurkaupstaður, Ferðamálastofa, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Minjastofnun Íslands, Orkustofnun og Umhverfisstofnun.



Skipulagsstofnun